

## Reglur og verklag um auglýsingar á Keflavíkurflugvelli og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Eftirfarandi reglur gilda um gerð og birtingu allra auglýsinga á Keflavíkurflugvelli og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á öllum miðlunarformum, þ.e. ljósaskiltum, auglýsingaskjám, auglýsingaskiltum, flettiskiltum, stöndum, myndrenningum, prentefni o.s.frv..

### Efni og innihald

1. Útleiga á auglýsingasvæðum Keflavíkurflugvallar og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) eru fyrst og fremst ætluð þeim sem vilja kynna sínar **vörur** og/eða **þjónustu** og/eða **ímynd** fyrir farþegum flugvallarins.
2. Efni auglýsinga skulu með öllu fullnægja kröfum Isavia sem áskilur sér fullan rétt að stöðva eða taka niður auglýsingar sem forsvarsmenn Isavia telja ekki fullnægja uppsettum skilyrðum á kostnað leigjanda. Þau eru:
  - a. Auglýsingar skulu með öllu standast siðareglur Samband Íslenskra Auglýsingastofa (SÍA) <http://www.sia.is/Sidareglur/>
  - b. Ekki má birta auglýsingar sem taka afstöðu í álitamálum á borð við stjórnsmál, trúmál, kynferði, þjóðerni o.s.frv.
  - c. Ekki má birta auglýsingar sem fela í sér mismunun, gagnrýni eða neikvæða afstöðu gagnvart einstaklingum, hópum, málefnum, fyrirtækjum/stofnana eða einstakra atvinnugreina.

### Verklagsreglur

3. Útlit og hönnun auglýsinga skal bera undir markaðsstjóra Keflavíkurflugvallar sem formlega samþykkir auglýsingu. Endanleg hönnun skal vera á próförk og/eða send á tölvutæku formi.
4. Þegar setja á upp auglýsingu skal kalla til markaðsstjóra Keflavíkurflugvallar sem ber saman auglýsingu við samþykktu hönnun.
5. Þegar fyrirtæki vill skipta um auglýsingaefni til birtinga á Keflavíkurflugvelli skal viðkomandi fyrirtæki tilkynna það til markaðsstjóra Keflavíkurflugvallar og senda próförk að nýrri auglýsingu.

6. Endanleg hönnun skal vera tilbúin 2 vikum fyrir uppsetningu nema um annað sé samið.
7. Greiðsla hefst samkvæmt samningi; óháð hvort auglýsing er uppsett eða tilbúin til birtingar.
8. Samningur milli Keflavíkurflugvallar og leigjanda skal vera undirritaður áður en auglýsing leigjanda er sett upp til birtingar á Keflavíkurflugvelli.
9. Keflavíkurflugvöllur áskilur sér rétt til að hafna próförk ef hún stenst ekki reglur um efni, innihald og verklagsreglur auglýsingabirtingar í FLE.

Keflavíkurflugvelli, 4. október 2011



---

Björn Óli Hauksson,  
forstjóri Isavia ohf.